*11. - 15. desember*

# FÖSTUDAGSMOLINN

## *Framundan*



**Mánudagur 11. desember**
Matseðill: Steikt rauðspretta, kartöflur, ofnbakað grænmeti, laukfeiti, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur
- Kóræfing í hádeginu.

**Þriðjudagur 12. desember**
Matseðill: Hakk (nautakjöt og lamb) og spaghetti, salat og grænmeti.

- Nemendaráð fundar kl 8:20



Í vikunni var hin sívinsæla hurðaskreytingakeppni. Þemað í ár var endurvinnsla og mjög margar frábærar hugmyndir litu dagsins ljós. Myndir af öllum hurðum er á öftustu síðu molans.

**Miðvikudagur 13. desember**
Matseðill: Fiskibollur, karrýgrjón, salat og grænmeti.

**Fimmtudagur 14. desember**
Matseðill: Pylsupasta, carbonara sósa, salat og grænmeti.

- Kóræfing í hádeginu.
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

**Föstudagur 15. desember**
Matseðill: Gúllassúpa (folald), brauð og brauðsalöt

***Minnum á-->***

**Jólatónleikar Tónlistarskólans verða:**
**11. des. kl. 16:30**
**12. des. kl. 16:30**
**13. des. kl. 16:30**



Hlökkum til að sjá ykkur

# Jólaföndur og piparkökubakstur

A.T.H. NÝ DAGSETNING

FIMMTUDAGUR 14. DESEMBER
KL. 16:30 - 19:00

A.T.H. NÝ DAGSETNING

Jólaföndrið verður með sama sniði og áður og verður selt á kostnaðarverði.
Foreldrafélagið skaffar áhöld fyrir föndrið, málningu, lím o.fl.
Öllum er að sjálfsögðu heimilt að koma með sitt eigið föndur og föndra það á staðnum.
Það þarf að skrá sig í piparkökubaksturinn hjá Helgu ritara með því að hringja í síma 4552900 eða senda póst á helga@skoli.hunathing.is fyrir 13. desember.
Foreldrar eru beðnir um að koma með eitthvað jólagott á sameiginlegt hlaðborð eins og undanfarin ár sem allir geta gætt sér á.
Ekki verður posi og því þarf að greiða með peningum fyrir það sem keypt er.
Vonandi koma sem flestir, því ekkert er betra en skemmtileg stund með börnunum okkar.

Stjórn foreldrafélags
Grunnskóla Húnaþings vestra







Upprennandi vísindamenn í verklegri náttúrufræði

*Munum að setja skóinn út í glugga á mánudagskvöld því Stekkjastaur kemur í heimsókn aðfaranótt 12. desember. Munum líka að jólasveinar elska hóflegar gjafir.*



ÞYTUR

*Hestamannafélagið Þytur ætlar að bjóða börnum og unglingum sem ekki hafa aðgengi að hesti að leigja hest í vetur. Gjaldið verður ekki mikið og þeir sem vilja vera með þurfa líka að taka þátt í umhirðu hestanna. Umsjónaraðili myndi leiðbeina og hafa yfirumsjón með bæði hestum og knöpum. Byrjum fljótlega eftir áramót. Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í þessu verkefni eru beðnir um að senda póst til Pálma á netfangið palmiri@ismennt.is með uppl. um nafn barns eða unglings og aldur og nöfn foreldra.*


















# HURÐASKREYTINGAR















